

Skýrsla

meiri hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar um meðferð trúnaðargagna í innanríkisráðuneyti og embættisskyldur innanríkisráðherra (Vigdís Hauksdóttir, Karl Garðarsson, Haraldur Einarsson, Brynjar Níelsson og Sigríður Á. Andersen).

Meiri hluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar lítur svo á að máli fyrrverandi innanríkisráðherra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, hafi lokið með álitum umboðsmanns Alþingis sem birt var 22. janúar 2015. Að auki hefur viðkomandi borið pólitíska ábyrgð með afsögn sinni sem ráðherra. Rétt er að geta þess að fyrrum aðstoðarmaður ráðherra hefur hlotið dóm fyrir brot í starfi.